

c. Grein 82.14 hljóði svo:

Í kaupstöðum og kauptúnum er óheimilt að slátra búfé utan löggiltra sláturhúsa.

d. Grein 82.15 fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. ágúst 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

Páll Sigurðsson.

## GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og 1. mgr. 9. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld, sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér segir:

1. flokkur kr. 10.000,00

3. flokkur kr. 30.000,00

2. flokkur kr. 20.000,00

4. flokkur kr. 40.000,00

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskránni. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Sveitarstjórnnum er heimilt að fela Gjaldheimtu Suðurnesja innheimtu gjaldanna. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits.

4. gr.

Gjald dagi eftirlitsgjalda er 1. september og eindagi 1. október. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

5. gr.

Gjöld skv. 3. gr. má innheimta með fjárnámi.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja, sbr. 11. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum staðfestist hér með skv. 3. mgr. 5. gr. áður nefndra laga til þess að taka gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 255/1990 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. ágúst 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Dögg Pálsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### **Flokkun fyrirtækja eftir umfangi skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum.**

##### **I. flokkur**

Leiktækjasalir  
Gufubaðsstofur  
Leikvellir  
Læknastofur  
Rakarastofur  
Hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur  
Sælgætis- og tóbakssölur  
Tannlæknastofur  
Torgsala og annar sambærilegur rekstur

##### **II. flokkur**

Fangageymslur  
Félagsheimili sem ekki eru með samfelldan veitinga-  
rekstur  
Gistiheimili án veitinga  
Heilsuræktarstöðvar  
Íþróttahús án sundstaðar  
Íþróttavellir/sundstaðir  
Brauðgerð/brauðsala  
Kvikmyndahús  
Læknastöðvar  
Leikskólar  
Matsöluvagnar  
Mötuneyti (minni)  
Neyslúvörugymslur  
Nýlenduvöruslanir  
Tækifærisveitingar  
Annar sambærilegur rekstur

##### **III. flokkur**

Brauðgerðarhús  
Brauðstofur  
Pizzugerðir

Dagheimili  
Félagsheimili með veitingarekstur  
Fiskbúðir  
Minni hótél  
Sjúkrahús 1 (hjúkrunarheimili o.s.frv.)  
Dvalarheimili o.þ.h.  
Ísbúðir/ísgerðir  
Íþróttahús með sundlaug  
Sundlaugar/sundhallir  
Kjörbúðir/nýlenduvöruslanir  
Leiktækjasalir með veitingum  
Skyndibitastaðir  
Stærri samkomuhús og veitingastaðir  
Sælgætisgerðir (stærri)  
Veislumiðstöðvar  
Veitingastaðir  
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur og önnur matvæli)  
Annar sambærilegur rekstur

##### **IV. flokkur**

Stórmarkaðir  
Stærri kjörbúðir  
Stór hótél  
Stórar matvælavinnslustöðvar  
Stór brauðgerðarhús  
Mjólkurstöðvar  
Vinnuheimili  
Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefnur  
o.þ.h.  
Sjúkrahús 2 (svæðissjúkrahús, deildarskipt sjúkrahús,  
almenn sjúkrahús)  
Annar sambærilegur rekstur